

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 7. desember 2018
UST201811-176/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag – Þorlákshöfn í Ölfusi - hafnarsvæði

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins Ölfus er barst 15. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagsbreytingu á hafnarsvæði í Þorlákshöfn..


Markmið breytinganna er eftirfarandi: Að fjölga lóðum fyrir hafnsækna starfsemi á og við hafnarsvæðið og skapa áfram góð skilyrði fyrir fiskihöfn og vinnslu. Að aðlaga höfnina vegna aukinna umsvifa vöruflutninga. Að bæta aðkomu að hafnarsvæðinu og gera umferð vélknúinnar umferðar sem og gangandi og hjólandi skilvirkari, m.a. með undirgöngum undir Þorlákshafnarveg.

Í greingargerð kemur fram að tillagan nær til eftirfarandi breytingar: Stækkun á deiliskipulagssvæði til norðurs og Hafnarskeið verður stofnbraut niður að Herjólfsbryggju. Nokkrar breytingar eru gerðar á hafnarmannvirkjum, fyllingum og viðleguköntum. Einnig gerir tillagan ráð fyrir endurskoðun stígakerfisins og skilmálar fyrir svæðið verða endurskoðaðir m.t.t. nýrra lóða og ferðaþjónustu.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.


Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur